



Alþingi
umhverfis- og samgöngunefnd

101 REYKJAVÍK

Notkun fjarfundabúnaðar á fundum sveitarstjórna

Í 17. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 er að finna heimildarákvæði til notkunar fjarfundarbúnaðar á fundum sveitarstjórnar ef fjarlægðir í sveitarfélagi eru miklar eða samgöngur innan sveitarfélags eru erfiðar. Í greinargerð með lögunum kemur fram að heimildarákvæðinu verður aðeins beitt þegar aðstæður í sveitarfélagi eru í reynd erfiðar hvað samgöngur varðar eða fjarlægðir miklar. Í ljósi þess er ekki að finna nein ákvæði um notkun fjarfundabúnaðs í samþykkt um stjórn Reykjavíkur og fundarsköp borgarstjórnar.

Í því ástandi sem hefur ríkt síðustu mánuði þar sem bæði veðurviðvaranir og hættustig almanna hafa verið meira og minna í gildi hefur reynt mikið á notkun fjarfundabúnaðs m.a. í tíðum fundahöldum neyðarstjórnar Reykjavíkurborgar.

Það er skoðun innan Reykjavíkurborgar að afar nauðsynlegt sé að endurskoða ákvæði 17. gr. sveitarstjórnarlaga þannig að gert sé ráð fyrir víðtækari heimildum sveitarstjórnar til að nýta fjarfundabúnað á fundum sínum m.a. af almannaárástæðum. Er því óskað eftir því að umhverfis- og samgöngunefnd taki svohljóðandi breytingu, eða sambærilega, til skoðunar eins skjótt og unnt er:

Ef fjarlægðir í sveitarfélagi eru miklar eða samgöngur innan sveitarfélags eru erfiðar, **eða ef almannaárástæður mæla með því**, er heimilt að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar. Skal þá mælt fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykkt um stjórn sveitarfélagsins.

Ef tekið verður undir erindið mun Reykjavíkurborg gera breytingar á samþykktum sínum í samræmi við þau skilyrði sem gerð verða þ.m.t. um tæknilegar útfærslur sem fyrirhugað er að nota og lýsingu á viðbrögðum ef tæknin bregst í einstökum tilvikum. Í samþykktinni verður einnig fjallað um staðfestingu fundargerða ef leyft er að nota fjarfundarbúnað og viðmið um þann fulltrúafjölda sem að jafnaði má taka þátt í fundi með aðstoð slíks búnaðar.

Fulltrúar Reykjavíkurborgar eru reiðubúnir til að mæta á fund nefndarinnar og gera nánari grein fyrir fyrir þeim sjónarmiðum sem fram koma í erindi þessu.

Pawel Bartoszek,
forseti borgarstjórnar

